

# KLAMYDÍA Á MEÐGÖNGU

## ICD greining:

A56.0 Klamydíusýking í neðri hluta þvag-og kynvegjar

Klamydía er baktería sem smitast auðveldlega. Algengasta smitleið er við kynmök og frá móður til barns í fæðingu. Bakterían getur því fundist í leghálsi, legi, eggjaleiðurum, þvagrás, endaþarmi og augum.

Ekki er talin ástæða til að skima allar konur á meðgöngu. Rétt er að vera vakandi fyrir einkennum og útbreiðslu sjúkdómsins og taka alltaf sýni þegar ástæða er til að greina hann eða útiloka. Klamydía er algengust í aldurshópnum undir 25 ára. Því er ástæða til að bjóða þessum hópi skimun.

Sýking með klamydiu getur verið með eða án einkenna. Hún getur verið lengi til staðar þannig að ekki er hægt að fullyrða um tíma frá smiti eða smit tilvik þegar sýking greinist.

## HELSTU EINKENNI:

- Blæðing frá leghálsi
- Óþægindi frá þvagrás/blöðru
- Verkir í kvið
- Útferð frá sýkingarstað

Ekki eru þekktar alvarlegar afleiðingar sýkingar á meðgöngu, en smit getur leitt til sýkingar í legi eftir fæðingu og slímhimnubólgu í augum hjá nýbura (hjá 10-15% barna smitaðra mæðra) eða lungnabólgu hjá nýbura í 10% tilvika.

## SÝNATAKA OG RANNSÓKN:

Hjá konum má taka stök frá leggöngum eða leghálsi. Notaður er sýnapinni sérstaklega ætlaður klamydiu og lekanda. Pinninn er settur hálfur upp í leggöng og strokið eftir veggjunum og getur ljósmóðir eða konan sjálf gert þetta. Ef konan er í kvenskoðun má taka stök frá leggöngum eða leghálsi. Rannsóknin er PCR mögnun og sýnið þolir vel flutning við stofuhita. Mælt er erfðaefni klamydiu og lekanda úr sama sýninu. Svar oft tilbúið næsta dag. Ef erfðaefni lekanda finnst þarf að taka ræktun og fá næmispróf. Meðferð yrði í samráði við sérfræðing.

## MEÐFERÐ:

Kjörmeðferð Azitromycin 1 g po í einum skammti.  
Ef frábending við kjörmeðferð Amoxicillin 500 mg x 3 í viku.

Meðferð er endurgjaldslaus skv. Sóttvarnarlögum

## TILKYNNINGASKYLDA OG RAKNING

Klamydía og lekandi falla undir sóttvarnarlög og flokkast þar með kynsjúkdómum. Þeir eru því tilkynningarskyldir sjúkdómar skv. Sóttvarnarlögum nr. 19/1997.

Sjá [leiðbeiningar um tilkynningaskyldu og rakningu](#).

Gert er ráð fyrir að sá sem greini sjúkdóminn upplýsi viðkomandi um sóttvarnarlög og kanni smitleiðir. Hafa í huga möguleika á smiti af öðrum kynsjúkdómi. Ekki er almennt þörf á að kanna árangur meðferða, en ef sýni er tekið til eftirlits er það gert eftir nokkrar vikur.

MÆÐRAVERND ÞÍH MARS 2024